

ERINDISBRÉF VERKEFNISSTJÓRA MÓTVÆGISAÐGERÐA VEGNA BREYTINGA Á STARFSEMI PINGEYJARSKÓLA

Sveitarstjórn hefur ákveðið að ráða verkefnisstjóra til að skipuleggja og halda utan um þá starfsemi sem kemur til með að verða í skólahúsi Litlulaugaskóla, sbr. mótvægisáðgerðir sveitarstjórnar vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla. Hugmyndin er að starfsemin verði á sviði sköpunar, þekkingar, tækni, hugverka og handverks.

Markmið er að skapa tækifæri fyrir nýja starfsemi í sveitarfélaginu og eftir föngum styrkja umgjörð þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Í ljósi þessa er hlutverk verkefnisstjóra sem hér segir:

- að vera leiðtogi í mótvægisáðgerðum og halda utan um þau verkefni sem unnið er að nú þegar og skilgreind verða síðar á verkefnistímanum sem er út árið 2015
- að móta hugmyndir, í samráði við sveitarstjóra og oddvita sveitarstjórnar (sbr. samþykkt sveitarstjórnar þann 12. febrúar s.l.) um fyrirkomulag þeirrar starfsemi sem verður í húsinu
- að hafa yfirumsjón með rekstri húsnæðisins
- að hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og rekstraraðila fyrirtækja
- hafa frumkvæði að því að leita eftir hugmyndum og tillögum um notkun húsnæðisins
- að skila framvinduskýrslu til sveitarstjórnar 1. október og 1. desember og lokaskýrslu við verklok

Næsti yfirmaður verkefnisstjóra er sveitarstjóri.